

151. löggjafarþing 2020–2021.  
Þingskjal x — x. mál.  
Stjórnarfrumvarp.

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um Neytendastofu nr. 62/2005 og fleiri lögum (endurskoðun stjórnarsýslu neytendamála)

Frá ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

### I. KAFLI

**Breyting á lögum um Neytendastofu nr. 62/2005, með síðari breytingum.**

1. gr.

Orðin „vöruöryggismála, opinberrar markaðsgæslu og mælifræði“ í 1. gr. laganna falla brott.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Neytendastofa skal annast framkvæmd laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu svo sem nánar er kveðið á um í þeim lögum. Þá skal Neytendastofa leysa af hendi þau verk sem henni eru falin í öðrum lögum.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 4. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins“ í a. lið 2. mgr. kemur: viðskiptaháttum og markaðssetningu.
- b. B. liður 2. mgr. fellur brott.

### II. KAFLI

**Breyting á lögum um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun nr. 137/2019.**

4. gr.

Á eftir orðinu „rafmagnsöryggismála“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: mælifræði, vöruöryggismála, opinberrar markaðsgæslu.

5. gr.

Á eftir orðunum „tengjast orkunotkun“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, lögum um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn.

### III. KAFLI

**Breyting á lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu nr. 134/1995, með síðari breytingum.**

6. gr.

Í stað orðsins „Neytendastofa“ í 7. gr. laganna kemur: Faggildingarsvið Hugverkastofunnar.

## 7. gr.

Í stað orðsins „Neytendastofa“ í 11. gr. og hvarvetna annars staðar í lögnum, nema í 7. gr., kemur í viðeigandi beygingarfalli: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

## 8. gr.

19. gr. a. laganna orðast svo:

Ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli laga þessara sæta kærur til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Ákvörðun verður ekki borin undir dómstóla fyrir en úrskurður nefndarinnar liggur fyrir. Nú unir aðili ekki úrskurði nefndarinnar og getur hann þá höfðað mál til ógildingar fyrir dómstólum. Höfða skal mál innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurð nefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurðar nefndarinnar eða heimild til aðfarar. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærur fer að öðru leyti samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

## IV. KAFLI

**Breyting á vopnalögum nr. 16/1998, með síðari breytingum.**

## 9. gr.

Í stað orðsins „Neytendastofu“ í 10. mgr. 32. gr. og hvarvetna annars staðar í lögnum, kemur í viðeigandi beygingarfalli: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

## 10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. a. laganna:

- a. 4. mgr. orðast svo: Ákvörðunum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sem teknar eru á grundvelli laga þessara sæta kærur til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Ákvörðun verður ekki borin undir dómstóla fyrir en úrskurður nefndarinnar liggur fyrir. Nú unir aðili ekki úrskurði nefndarinnar og getur hann þá höfðað mál til ógildingar fyrir dómstólum. Höfða skal mál innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurð nefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurðar nefndarinnar eða heimild til aðfarar. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærur fer að öðru leyti samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.
- b. 5. mgr. fellur brott.

## V. KAFLI

**Breyting á lögum um vörur unnar úr eðalmálum nr. 77/2002, með síðari breytingum.**

## 11. gr.

Í stað orðsins „Neytendastofu“ í 2. tölul. 2. gr. og hvarvetna annars staðar í lögnum, kemur í viðeigandi beygingarfalli: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

## 12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

- a. 4. mgr. orðast svo: Ákvörðunum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sem teknar eru á grundvelli laga þessara sæta kærur til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Ákvörðun verður ekki borin undir dómstóla fyrir en úrskurður nefndarinnar liggur fyrir. Nú unir aðili ekki úrskurði nefndarinnar og getur hann þá höfðað mál til ógildingar fyrir dómstólum. Höfða skal mál innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurð nefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurðar nefndarinnar eða heimild til

aðfarar. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer að öðru leyti samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

b. 5., 6. og 7. mgr. falla brott.

#### VI. KAFLI

##### **Breyting á lögum um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn nr. 91/2006, með síðari breytingum.**

13. gr.

Í stað orðsins „Neytendastofa“ í 1. mgr. 4. gr. og hvarvetna annars staðar í lögnum, kemur í viðeigandi beygingarfalli: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

14. gr.

38. gr. a laganna orðast svo: Ákvörðunum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sem teknar eru á grundvelli laga þessara sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Ákvörðun verður ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður nefndarinnar liggur fyrir. Nú unir aðili ekki úrskurði nefndarinnar og getur hann þá höfðað mál til ógildingar fyrir dómstólum. Höfða skal mál innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurð nefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurðar nefndarinnar eða heimild til aðfarar. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer að öðru leyti samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

15. gr.

Í stað orðanna „áfrýjunarnefndar neytendamála“ í 1. og 3. málslíð 2. mgr. 39. gr. og 3. mgr. 40. gr. kemur: úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

#### VII. KAFLI

##### **Breyting á lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur nr. 87/2018.**

16. gr.

Í stað orðsins „Neytendastofa“ í 13. gr. og hvarvetna annars staðar í lögnum, kemur í viðeigandi beygingarfalli: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

17. gr.

19. gr. laganna orðist svo:

Ákvörðunum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sem teknar eru á grundvelli laga þessara sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Ákvörðun verður ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður nefndarinnar liggur fyrir. Nú unir aðili ekki úrskurði nefndarinnar og getur hann þá höfðað mál til ógildingar fyrir dómstólum. Höfða skal mál innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurð nefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurðar nefndarinnar eða heimild til aðfarar. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer að öðru leyti samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

#### VIII. KAFLI

##### **Breyting á lögum um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti nr. 55/2019.**

18. gr.

Í stað orðsins „Neytendastofa“ í 4. gr. og hvarvetna annars staðar í lögnum, kemur í viðeigandi beygingarfalli: Póst- og fjarskiptastofnun.

19. gr.

2., 3. og 4. mgr. 5. gr. laganna falla brott.

20. gr.

Í stað orðanna „áfrýjunarnefndar neytendamála“ í 1. og 2. málslíð 3. mgr. 6. gr., 2. mgr. 7. gr. og 4. mgr. 7. gr. kemur: úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála.

## IX. KAFLI

### Gildistaka.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 2021.

## Greinargerð.

### 1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Í frumvarpinu eru gerðar tillögur til breytinga á lögum um Neytendastofu nr. 62/2005, með síðari breytingum, lögum um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun nr. 137/2019 og laga sem Neytendastofa annast framkvæmd á sviði vöruöryggismála, opinberrar markaðsgæslu og mælifræði. Með frumvarpinu er lagt til að stjórnsluverkefni á sviði vöruöryggismála, opinberrar markaðsgæslu og mælifræði verði færð frá Neytendastofu til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Þá er lagt til að stjórnsluverkefni á sviði rafrænnar auðkenningar og traustþjónustu verði færð til Póst- og fjarskiptastofnunar.

Starfshópur var stofnaður þann 7. september 2020 til að meta áhrif breytingatillagnanna á starfsemi Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og Neytendastofu. Í starfshópnum sátu fulltrúar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og Neytendastofu. Starfshópurinn lauk störfum í október 2020. Við samningu frumvarpsins var einnig haft sérstakt samráð við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

### 2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

#### 2.1. Stjórnsluverkefni Neytendastofu.

Með lögum um Neytendastofu og talsmann neytenda nr. 62/2005 var Neytendastofu komið á fót með sameiningu Löggildingarstofu og markaðssviðs Samkeppnisstofnunar. Neytendastofa er ríkisstofnun og heyrir undir ferðamála-, iðnaðar og nýsköpunarráðherra. Stofnunin sinnir margvíslegum stjórnsluverkefnum á sviði neytendamála, vöruöryggismála, opinberrar markaðsgæslu og mælifræði svo sem nánar er kveðið um í lögum um Neytendastofu nr. 62/2005, sbr. 1. gr. laganna. Neytendastofa annast framkvæmd laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 og laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu nr. 134/1995, svo sem nánar er kveðið á um í lögum um það efni. Neytendastofa hefur einnig yfirumsjón með lögmælifræði og hagnýtri mælifræði og sér um framkvæmd laga um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn nr. 91/2006. Neytendastofa leysir einnig af hendi verkefni sem henni eru falin í nokkrum fjölda annarra laga. Ákvörðunum Neytendastofu má skjóta til áfrýjunarnefndar neytendamála, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um Neytendastofu nr. 62/2005.

*Mælifræði.*

Neytendastofa fer með almenna kvörðunarþjónustu, eftirlit með mælitækjum og löggilding vigtarmanna. Með almennri kvörðunarþjónustu er átt við varðveislu og viðhald miðlægra mæligrunna og kvarðanir og mælingar sem á þeim byggja. Með eftirliti með mælitækjum er átt við löggildingu mælitækja, reglubundið eftirlit (endurlöggilding) og ýmislegt annað eftirlit svo sem með gæðakerfum og forpökkuðum vörum. Neytendastofa sér einnig um menntun og löggildingu vigtarmanna og sviptingu löggildingar.

Ný mælitæki er frjálst að setja á markað á EES-svæðinu ef þau uppfylla grunnkröfur til mælitækja skv. þeim EES-gerðum sem um þau gilda. Eftir að tilskipun 2014/32/ESB um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða mælitæki fram á markaði, sbr. reglugerð nr. 876/2016 um mælitæki var innleidd hér á landi þarf ekki lengur samþykki eða löggildingu Neytendastofu til að bjóða mælitæki fram á markaði. Í stað þess hefur Neytendastofa markaðseftirlit með því að innflutt mælitæki eða mælitæki framleidd hér á landi uppfylli grunnkröfur tilskipunarinnar. Undir tilskipunina falla eftirfarandi mælitæki: vatnsmælar, gasmælar og búnaður til að reikna rúmmál, raforkumælar, varmaorkumælar, mælikerfi fyrir samfellda og sívirkra mælingu á magni vökva annarra en vatns, sjálfvirkar vogir, gjaldmælar leigubifreiða, mæliáhöld, víddamælitæki og greiningartæki fyrir útblástursloft.

Aðildarríki hafa forræði á að kveða á um lögmælifræðilegt eftirlit með mælitækjum sem eru í notkun til þess að standa vörð um almannaheill, lýðheilsu, almannaöryggi, allsherjarreglu, umhverfisvernd, neytendavernd, skatt- og gjaldheimtu eða góða viðskiptahætti. Hér á landi er slíkt eftirlit í formi svokallaðrar löggildingar mælitækja, sbr. ákvæði laga um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn nr. 91/2006. Staðfesta skal með löggildingu að mælitæki í notkun uppfylli kröfur sem gerðar eru til þeirra skv. viðeigandi stöðlum. Löggilding hefur jafnan ákveðinn gildistíma sem fer eftir gerð mælitækis. Að loknu löggildingartímabili er skylt að endurlöggilda mælitæki. Eigandi mælitækja eða ábyrgðaraðili mælinga getur þó óskað samþykkis Neytendastofu fyrir því að gæðakerfi eða önnur tilhögun formlegs innra eftirlits verði tekin gild í stað löggildingar. Nokkrir aðilar hafa þegar fengið slíkt samþykki stofnunarinnar. Samkvæmt lögum er faggiltri skoðunarstofu heimilt, að fengnu starfsleyfi eða umboði frá Neytendastofu, að annast skoðanir, rannsóknir, eftirlit og úttektir á sviði markaðseftirlits eða löggildingu mælitækja samkvæmt samningi sem gerður er til lengri eða styttri tíma. Nokkrar skoðunarstofur sinna nú eftirliti í umboði Neytendastofu.

Kvörðun mælitækja er grunnþjónusta til að viðhalda réttum eiginleikum mælitækja í notkun. Kvörðun tryggir og staðfestir að mælingar séu nákvæmar og áreiðanlegar og fer hún fram með samanburði mælitækis við annað mælitæki sem hefur þekkta eða viðurkennda eiginleika. Samkvæmt lögum um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn nr. 91/2006 er Neytendastofu heimilt að starfrækja faggilta kvörðunarþjónustu fyrir atvinnulífið. Í samræmi við þá heimild rekur Neytendastofa kvörðunarþjónustu fyrir ýmis mælitæki.

Neytendastofa sér einnig um menntun og löggildingu vigtarmanna í samræmi við ákvæði laga um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn nr. 91/2006. Löggiltur vigtarmaður ber ábyrgð á vigtun sem hann vottar í samræmi við viðurkennda starfshætti þeirrar vigtunaraðferðar sem notuð er hverju sinni. Í því felst að löggiltur vigtarmaður skal sjálfur vera viðstaddur vigtun, hann tryggir alla framkvæmd hennar og staðfestir hana með undirritun sinni á vigtarvottorð sem hann ber ábyrgð á í samræmi við lög og reglur settar samkvæmt þeim. Sem dæmi má nefna að löggiltir vigtarmenn sjá um vigtun sjávaraflla. Fullgilt vottorð löggilts vigtarmanns er sönnun um þyngd þess sem vegið var og hvað var vegið.

*Markaðseftirlit á sviði neytendaréttar.*

Neytendastofa fer með eftirlit með ýmsum lögum á sviði neytendaréttar og reglugerðum settum skv. þeim. Nánar tiltekið fer stofnunin með eftirlit með ákvæðum eftirfarandi laga:

1. 12. gr. laga um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið nr. 34/1944, með síðari breytingum. Neytendastofa hefur eftirlit með notkun almenna þjóðfánans skv. 2.-10. mgr. 12. gr. laganna.
2. Lög um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu nr. 30/2002. Neytendastofa hefur eftirlit með að farið sé eftir 6.–7. gr. og 9.–11. gr. laganna.
3. Lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005. Neytendastofa, undir yfirstjórn ráðherra, fer með eftirlit samkvæmt lögnum einkum í þágu neytenda.
4. Lög um þjónustuviðskipti á innri markaðnum nr. 76/2011. Neytendastofa hefur eftirlit með því að farið sé eftir ákvæðum 1. mgr. 15. gr. laganna og annast aðstoð við viðtakendur þjónustu samkvæmt 16. gr. laganna.
5. Lög um neytendalán nr. 33/2013. Neytendastofa annast eftirlit með ákvæðum laganna.
6. Lög um skiptileigusamninga fyrir afnot af húsnæði í orlofi eða frístundum o.fl., nr. 120/2013. Neytendastofa annast eftirlit með ákvæðum laganna og reglna settra á grundvelli þeirra.
7. Lög um neytendasamninga nr. 16/2016. Neytendastofa annast eftirlit með ákvæðum laganna og reglna settra á grundvelli þeirra.
8. Lög um fasteignalán til neytenda nr. 118/2016. Neytendastofu er falið að hafa eftirlit með ákvæðum laganna er varða markaðssetningu og upplýsingagjöf til neytenda, sbr. XV. kafla laganna.
9. Lög um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. 95/2018. Neytendastofa annast eftirlit með ákvæðum I.–VI. og VIII. kafla laganna og reglna settra á grundvelli þeirra.
10. Lög um úrskurðaraðila á sviði neytendamála nr. 81/2019. Neytendastofa hefur eftirlit með því að seljendur fullnægi upplýsingaskyldu skv. 6. og 7. gr. laganna.

*Vöruöryggi og tengd verkefni.*

Neytendastofa sinnir almennu markaðseftirliti með öryggi leiktækja, leikfanga, persónuhlífa til einkanota og almennrar framleiðsluvöru sem fellur ekki undir eftirlit annarra stjórnvalda á sviði vöruöryggis. Þá hefur Neytendastofa einnig eftirlits- og stjórnsýsluhlutverk samkvæmt nokkrum sérlögum sem heyra undir dómismálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti og utanríkisráðuneyti. Neytendastofa gegnir auk þess lykilhlutverki sem samræmingaraðili eftirlitsstjórnvalda sem sinna eftirliti með vöruöryggi. Helstu stofnanir sem sinna slíku eftirliti eru Vinnueftirlitið, Samgöngustofa, Mannvirkjastofnun, Umhverfisstofnun, Lyfjastofnun og Matvælastofnun.

Nánar tiltekið fer Neytendastofa með markaðseftirlit skv. lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu nr. 134/1995 og reglugerðum settum skv. þeim. Neytendastofa fer einnig með eftirlit með hreinleika eðalmálma skv. lögum um vörur unnar úr eðalmálmum nr. 77/2002 og reglugerðum settum skv. þeim. Þá er Neytendastofa lögbært yfirvald og hefur eftirlit með traustþjónustuveitendum skv. lögum um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti nr. 55/2019 og reglugerðum settum skv. þeim. Framangreind lög heyra undir ferðamála-, iðnaðar og nýsköpunarráðherra.

Auk framangreinds er Neytendastofu falið að sjá um framkvæmd og viðtöku tæknilegra tilkynninganna til eftirlitsstofnunar EFTA í umboði utanríkisráðherra skv. lögum um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu nr. 57/2000 á grundvelli

þjónustusamnings og samkvæmt reglugerð um tilkynningar á tæknilegum reglum um vörur og fjarþjónustu nr. 733/2000. Neytendastofa hefur auk þess eftirlit með rafrettum og öryggi þeirra skv. lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur nr. 87/2018 og reglugerðum settum skv. þeim en löggin heyra undir Heilbrigðisráðherra. Þá hefur Neytendastofa eftirlit með öryggi skotelda, skv. VI. kafli vopnalaga nr. 16/1998 og reglugerðum settum skv. þeim. Löggin heyra undir dómsmálaráðherra.

## 2.2. Stofnun Neytendastofu og síðari breytingar á starfsemi stofnunarinnar.

Með lögum um Neytendastofu og talsmann neytenda nr. 62/2005 var kveðið á um að Neytendastofa skyldi starfa að stjórnsluverkefnum á sviði neytendamála, vöruöryggismála, opinberrar markaðsgæslu, mælifræði, faggildingar og rafmagnsöryggismála svo sem nánar væri kveðið á um í lögum. Samhliða var sett á fót embætti talsmanns neytenda og var hlutverk hans að standa vörð um hagsmuni og réttindi neytenda og stuðla að aukinni neytendavernd. Helsta markmiðið með því að setja Neytendastofu á fót var að efla starf að neytendamálum og þar með auka neytendavernd. Talið var að þau verkefni sem heyrðu undir Neytendastofu snertu öll hagsmuni neytenda með einum eða öðrum hætti. Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins auk opinberrar markaðsgæslu og eftirlits með öryggi vöru væru þeir málaflokkar sem augljóslega teldust til neytendamála, en talið var að mælifræði og málefni rafmagnsöryggis varði einnig hagsmuni neytenda og ætti því vel heima hjá Neytendastofu.

Frá stofnun Neytendastofu hafa nokkrar breytingar orðið á starfsemi stofnunarinnar. Með lögum um faggildingu, o.fl. nr. 24/2006 voru málefni faggildingar færð frá Neytendastofu til faggildingarsviðs Einkaleyfastofu (nú Hugverkastofu). Meginástæða þeirrar breytingar var að tryggja faglegt sjálfstæði faggildingarstofu á Íslandi einkum gagnvart þeim aðilum sem byggja á þjónustu faggildingarstofa. Neytendastofa noti faggildar stofur til að sinna tæknilegu eftirliti í sínu umboði á sviði rafmagnsöryggis, markaðseftirlits og lögmælifræði auk þess að reka kvörðunarþjónustu. Nauðsynlegt væri því að staðsetja faggildingarstofu annars staðar en hjá Neytendastofu vegna kröfu um hlutleysi.

Með lögum um breytingu á ýmsum lögum vegna færslu eftirlits með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga frá Neytendastofu til Brunamálastofnunar nr. 29/2009 voru málefni rafmagnsöryggis bygginga færð frá Neytendastofu til Brunamálastofnunar (síðar Mannvirkjastofnunar). Ástæða breytinganna var sú að talið var að verkefni féllu mun betur að þeim verkefnum sem tilheyrðu Brunamálastofnun heldur en Neytendastofu þar sem rafmagnsöryggi bygginga tengdist óhjákvæmilega brunavörnum. Með lögnum var markaðseftirlit með rafföngum hins vegar skilið eftir hjá Neytendastofu þar sem það þótti snúa að neytendum.

Með lögum um breytingu á lögum um Neytendastofu og talsmann neytenda, nr. 62/2005, með síðari breytingum (talsmaður neytenda o.fl.) var embætti talsmanns neytenda lagt niður. Tilgangur breytinganna var fyrst og fremst hagræðing og einföldun. Talið var að tilhögunin um sjálfstætt embætti talsmanns neytenda væri ekki í samræmi við skipulag neytendamála annars staðar á Norðurlöndum auk þess sem vísað var til skýrslu þriggja stofnana Háskóla Íslands, sem gefin var út í maí 2008 undir heitinu *Ný sókn í neytendamálum*, þar sem talið var að fyrirkomulagið væri til þess fallið að skapa nokkurn rugling og að skynsamlegra virtist að stefna að því að reka eina og sterka opinbera stofnun á sviði neytendamála.

Með lögum um breytingu á ýmsum lagaákvæðum vegna færslu eftirlits með rafföngum til Mannvirkjastofnunar nr. 39/2014 var eftirlit með rafföngum endanlega fært frá Neytendastofu

til Mannvirkjastofnunar. Ástæðan var sú að talið var að aðskilnaður eftirlits með rafföngum eftir því hvort þau eru varanlega tengd mannvirkjum eða ekki ætti sér enga hliðstæðu í öðrum löndum og leiddi af sér mörg álitæfni og vafamál. Auk þess var vísað til óháðrar úttektar þar sem mælt var með því að verkefni flyttust til einnar stofnunar, þ.e. Mannvirkjastofnunar og skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands frá árinu 2008 þar sem m.a. var lagt til að verkefni sem mælifræðisvið og öryggisvið Neytendastofu önnuðust yrðu ekki á forræði stofnunar sem starfaði að neytendamálum.

Auk framangreindra breytinga hefur Neytendastofu einnig verið falin framkvæmd ýmissa laga og verkefna á málefnasviðum annarra ráðuneyta. Með lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur nr. 87/2018 var Neytendastofu falið að hafa markaðseftirlit með rafrettum og áfyllingum fyrir þær. Í frumvarpi til laganna kom fram að skynsamlegast sé talið að sú stofnun sem hefði almennt eftirlit með vörum á markaði hefði einnig eftirlit með rafrettum og áfyllingum. Þá væri Neytendastofa vel í stakk búin til að tileinka sér þá staðla sem settir verða með afleiddum evrópugerðum um rafrettur og áfyllingar.

Með lögum um breytingu á vopnalögum, nr. 16/1998, með síðari breytingum (skoteldar, EES-reglur, stórfelld brot) var Neytendastofu falið að hafa markaðseftirlit með skoteldum. Í frumvarpi til laganna kom fram að Neytendastofa ynni nú þegar að flestum þeim markaðseftirlitsverkefnum sem kveðið er á um í tilskipunum sem í gildi eru í Evrópusambandinu og teknar hafa verið upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Eðlilegt væri að nýta sérhæfingu stofnunar að þessu leyti og markaðseftirlit með skoteldum geti fallið vel að kjarnastarfsemi Neytendastofu á sviði markaðseftirlits og öryggis vöru.

### 2.3. Endurskoðun á stjórnýsly neytendamála hjá Neytendastofu.

Frumvarpið er fyrsta skrefið í endurskoðun á því fyrirkomulagi neytendamála sem komið var á með lögum um Neytendastofu og talsmann neytenda nr. 62/2005. Með endurskoðuninni er stefnt að því að færa verkefni Neytendastofu nær kjarnastarfsemi í öðrum stofnunum og þangað sem faglegur skyldleiki og samlegð er meiri. Í stað einnar miðlægrar ríkisstofnunar sem fari með verkefni er varði hagsmuni neytenda með einum eða öðrum hætti er stefnt að því að færa verkefni til annarra viðeigandi stofnana. Markmið endurskoðunarinnar er að fækka ríkisstofnunum og auka skilvirkni og hagkvæmni eftirlits í þágu atvinnulífs og neytenda. Neytendastofa er lítil stofnun og fjöldi ríkisstofnana er hér á landi og ætti fækkun stofnana að öllu jöfnu að einfalda stjórnýsly og auka skilvirkni. Sameining stofnana eykur bolmagn vegna meiri sérhæfingar sem eykur fagmennsku og hækkar þekkingarstig. Ástæður endurskoðunarinnar eru nánar tiltekið eftirtaldar.

Neytendamál eru dreifð víða um stjórnkerfið. Fjöldi ríkisstofnana á ólíkum málefnasviðum sinnir eftirliti og öðrum stjórnýslyverkefnum sem eru til hagsbóta fyrir neytendur með einum eða öðrum hætti. Þá getur stefnumótun stjórnvalda varðað neytendur með ýmsu móti og sem talist getur til neytendamála. Ýmis málefni má telja til neytendamála, svo sem reglur um orkunýtni, orkumerkingar, endurvinnslu, umhverfismerkingar, fjarskiptamál, matvælaöryggi, matvælamerkingar, öryggi lyfja, lyfjamerkingar, snyrtivörur, öryggi farartækja, öryggi húsnæðis og mannvirkja, öryggi geisla og leysitækja og sólarlampa. Ýmis önnur mál er jafnframt hægt að telja til neytendamála í víðari skilningi. Til dæmis má nefna lánakjör eða skattlagningu á vöru og þjónustu. Neytendastofa fer því ekki nema með hluta þeirra verkefna innan stjórnkerfisins sem talist geta til neytendamála í víðari skilningi.

Þrátt fyrir heiti Neytendastofu, þá sinnir stofnunin að miklum hluta öðrum þáttum en þeim sem snúa með beinum hætti að neytendavernd. Neytendaréttarsvið stofnunarinnar sinnir eftirliti með hinni eiginlegu neytendaréttarlöggjöf. Þau verkefni sem öryggisvið og



mælifræðisvið stofnunarinnar sinna varða neytendur hins vegar ekki með beinni hætti en ýmislegt annað eftirlit á vegum hins opinbera. Fjöldi ólíkra stofnana sinnir t.d. markaðseftirliti með öryggi vöru sem beint eða óbeint varðar hagsmunum og öryggi neytenda. Hér má nefna Vinnueftirlitið, Samgöngustofu, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Umhverfisstofnun, Lyfjastofnun, Póst- og fjarskiptastofnun, Matvælastofnun og Geislavarnir ríkisins. Oftast er um eftirlit sem byggir á svokölluðum nýaðferðatilskipunum Evrópusambandsins og stöðlum. Þá teljast mælifræðiverkefni almennt ekki til hefðbundinna neytendamála þó sum þeirra geti varðað hagsmunum neytenda með óbeinum hætti. Stór hluti mælifræðilegs eftirlits og kvarðana varðar mælitæki sem notuð eru í atvinnulífinu, svo sem eins og í iðnaði eða sjávarútvegi.

Stjórnsýsluverkefni á sviði mælifræði, neytendaréttar og vöruöryggis eru ólík, þ.e. þau hafa ólíkan efnisrétt og markmið og ólíka aðferðafræði. Eftirlit með gagnsæi markaðarins og óréttmætum viðskiptaháttum hefur fyrst og fremst hagfræðileg markmið. Í fyrsta lagi er markmiðið að tryggja að neytendur hafi sem fullkomnastar upplýsingar (gagnsæi markaðarins). Því fullkomnari sem upplýsingagjöf er til neytenda þeim mun meiri líkur eru á að þeir taki rökréttar og hagfelldar ákvarðanir sem skilar sér í virkari samkeppni á markaðnum um verð og gæði vöru. Í öðru lagi er markmiðið að vernda neytendur og auka þannig sjálfstraust þeirra sem virkir þátttakendur í markaðshagkerfinu. Þannig aukast líkur á að neytendur kaupi vörur og þjónustu sem er til þess fallið að auka hagvöxt. Eftirlit á sviði neytendaréttar er fyrst og fremst lögfræðilegt. Eftirlit með öryggi vöru hefur það markmið að vernda líf og heilsu neytenda. Verkefni byggja fyrst og fremst á grunni nýaðferðatilskipana Evrópusambandsins, þ.e. stöðlum, samræmismati og prófunum. Mælifræðilegt eftirlit og kvarðanir hafa það markmið að tryggja nákvæmni mælitækja. Mælifræði er fyrst og fremst raungreinafag en byggir einnig á grunni faggildra skoðunarstofa og prófana. Sé litið til fyrirmýnda í nágrannaríkjunum er fáheyrt að mælifræðiverkefni séu í sömu stofnun og fer með málefni neytendaverndar. Þá er einnig nokkuð óalgengt að vöruöryggismál séu með neytendaréttarverkefnum.

Auk framangreinds er talið heppilegra að faglega skyld verkefni séu á sömu hendi, þ.e. að lögbundin verkefni sem hafa sömu markmið og sömu eða svipaða aðferðafræði séu hjá sama stjórnvaldinu. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun fer með ýmis konar markaðseftirlit með öryggi vöru og mannvirkja á grundvelli nýaðferðatilskipana Evrópusambandsins og er stofnunin vel í stakk búin til að taka við verkefnum Neytendastofu á sviði vöruöryggis.

Stefnt er að því að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun verði sterkt miðlægt stjórnvald á sviði vöruöryggismála með sama sniði og t.d. Sikkerhedsstyrelsen í Danmörku. Með því er unnt að ná verkefnamiðaðri samlegð og auka sérþekkingu og bolmagn til að takast á við flókin verkefni. Þannig er ráðgert að styrkja vöruöryggismál sem málaflokk. Með breytingunum tekur Húsnæðis- og mannvirkjastofnun við hlutverki samræmingaraðila markaðseftirlits á sviði vöruöryggis, sbr. III. kafla laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu nr. 134/1995. Breytingarnar opna einnig á möguleikann að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun verði síðar falið að fara með markaðseftirlit á sviði vöruöryggis sem önnur stjórnvöld sinna. Auk þess er stefnt að því að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun nýti eftir atvikum heimild 13. gr. laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu nr. 134/1995 til að fela faggiltum skoðunarstofum markaðseftirlit í samræmi við áherslur stofnunarinnar í þeim efnunum.

Þá er stefnt að því að breytingarnar verði fyrsta skrefið í endurskipulagningu lagaumhverfis mælifræði á Íslandi. Mælifræðisvið Neytendastofu sinnir mælifræðiverkefnum, þ.á.m. kvörðunum mælitækja sem faggiltur einkaaðili getur hæglega sinnt. Lagaumgjörð mælifræði þarfnast endurskoðunar auk þess sem hagkvæmara og skilvirkara þykir að faggiltur einkaaðili sinni eins miklum hluta verkefnanna og hægt er. Í ráðuneytinu er unnið að því að einfalda

regluverk lögmælifræði með þeim hætti að allt lögmælifræðilegt eftirlit og kvarðanir verði í formi samræmismats og að hæfum faggiltum aðila einum eða fleiri verði falið framkvæmd þess. Eiginlegri löggildingu mælitækja með tilheyrandi merkingum verði hætt og stjórnsluþáttur mælifræðilegs eftirlits verði alveg skilinn frá framkvæmdaþætti þess. Jafnframt er stefnt að því að notendur mælitækja taki upp gæðakerfi og innra eftirlit í eins miklum hætti og hægt er.

Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að Neytendastofa verði lögð niður heldur er gert ráð fyrir að Neytendastofa sinni enn um sinn verkefnum á sviði neytendaréttar. Neytendastofa getur þannig óskipt sinnt eftirliti með hinni eiginlegu neytendaréttarlöggjöf í samræmi við nýlegar breytingar á eftirliti stofnunarinnar með lögum um breytingu á ýmsum lögum vegna samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd nr. 21/2020. Unnið er að endurskipulagningu þeirra verkefna með hugsanlegri tilfærslu þeirra til annarrar stofnunar árið 2021.

#### 2.4. Stjórnsluverkefni Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar á sviði öryggismála og markaðseftirlits.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun sinnir umfangsmiklu markaðseftirliti með ýmsum vörum og vöruflokkum m.t.t. mismunandi krafna, s.s.: rafföngum m.t.t. öryggis, rafsegulsamhæfis og innihalds tiltekinna hættulegra efna; byggingarvörum m.t.t. öryggis og nothæfis; orkutengdum vörum m.t.t. visthönnunar (orkunýtni) og orkumerkinga og búnaði og verndarkerfum til nota á sprengihættustöðum m.t.t. öryggis.

Faggiltar skoðunarstofur annast í umboði Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar framkvæmd skoðana á sölustöðum í samræmi við gildandi samning við stofnunina hverju sinni, verklagsreglur og skoðunarhandbók stofnunarinnar. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun stýrir skoðunum, tekur við skýrslum skoðunarstofanna og annast stjórnslu í málum, eins og við á. Áætlað er að á yfirstandandi ári verði heimsóknir til og skoðanir hjá söluaðilum milli tvö og þrjú hundruð.

### 3. Meginefni frumvarpsins.

Í I. og II. kafla frumvarpsins er lagt til að breyta lögum um Neytendastofu nr. 62/2005, með síðari breytingum og lögum um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun nr. 137/2019 á þann hátt að verkefni á sviði vöruöryggismála, opinberrar markaðsgæslu og mælifræði færist til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

Auk þess er lagt til í III.-VII. kafla frumvarpsins að gera breytingar á einstökum lögum sem flutninginn varða. Lagt er til að í stað Neytendastofu fari Húsnæðis- og mannvirkjastofnun með þau verkefni sem kveðið er á um í lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu nr. 134/1995, með síðari breytingum, vopnalögum nr. 16/1998, með síðari breytingum, lögum um vörur unnar úr eðalmálum nr. 77/2002, með síðari breytingum, lögum um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn nr. 91/2006, með síðari breytingum og lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur nr. 87/2018.

Til viðbótar við framangreindar breytingartillögur er lagt til í VIII. kafla frumvarpsins að stjórnsluverkefni Neytendastofu skv. lögum um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti nr. 55/2019 verði færð til Póst- og fjarskiptastofnunar. Neytendastofa hefur nú eftirlit með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 frá 23. júlí 2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum, sbr. lög nr. 55/2019. Málefni traustþjónustu og rafrænnar auðkenningar eru ekki vöruöryggismál og myndu verkefni ekki falla vel að kjarnastarfsemi Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Enn

síður myndi það samræmast markmiði frumvarpsins um sterka miðlæga stofnun á sviði vöruöryggis að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun færi með verkefni. Traustþjónusta og rafræn auðkenning hafa sterkust tengsl við fjarskiptamál, netöryggismál og málefni upplýsingasamfélagsins og er því lagt til að Póst- og fjarskiptastofnun fari með verkefni.

Tillögur frumvarpsins fela jafnframt í sér að ekki verði lengur unnt að skjóta ákvörðunum skv. framangreindum lögum til áfrýjunarnefndar neytendamála. Þess í stað er lagt til að unnt verði að skjóta ákvörðunum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar skv. lögum til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

#### 4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Efni frumvarpsins gefur ekki sérstaka ástæðu til að ætla að það fari gegn ákvæðum stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944 með síðari breytingum.

#### 5. Samráð.

Frumvarpið snertir fyrst og fremst hagsmuni atvinnulífs og neytenda. Áform um lagasetninguna voru send til kynningar hjá öðrum ráðuneytum þann 20. ágúst 2020. Starfshópur var stofnaður í byrjun september 2020 til að meta nauðsynlegar lagabreytingar og áhrif þeirra. Í starfshópnum sátu fulltrúar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og Neytendastofu. Starfshópurinn lauk störfum í október 2020. Við frumvarpsgerð var einnig haft sérstakt samráð við dómsmálaráðuneyti vegna málefna skotelda, heilbrigðisráðuneyti vegna málefna rafrettna og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti vegna málefna traustþjónustu og rafrænnar auðkenningar.

Frumdrög frumvarpsins voru birt í samráðsgátt stjórnvalda þann [...] október 2020 og frestur til umsagna veittur til [...] október 2020, sbr. mál nr. .../2020. Umsagnir bárust í samráðsgátt frá [...].

Við ritun frumvarpsins var höfð hliðsjón af athugasemdum sem bárust í samráði. [...].

#### 6. Mat á áhrifum.

Með frumvarpinu er lagt til að færa verkefni á sviði vöruöryggis og markaðseftirlits auk mælifræði frá Neytendastofu til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

Frumvarpið hefur í för með sér breytta stofnanaumgjörð á sviði vöruöryggis og mælifræði. Gert er ráð fyrir að samþykkt frumvarpsins muni auka hagkvæmni og skilvirkni í eftirliti til hagsbóta fyrir atvinnulíf og neytendur. Þá er gert ráð fyrir auknum möguleikum á aðkomu faggiltra skoðunarstofa að markaðseftirliti á sviði vöruöryggis, eðalmálma og mælifræði.

Frumvarpið hefur fyrst og fremst áhrif á stjórnsýslu ríkisins. Með tilfærslu verkefnanna er stefnt að því að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun verði miðlægt stjórnvald á sviði vöruöryggis. Tilfærslan mun hafa fagleg samlegðaráhrif og auka bolmagn stofnunarinnar til að fást við vöruöryggismál. Þá er stefnt að því að mælifræðiverkefni verði færð til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og að þau verkefni verði endurskipulögð á árinu 2021 með það að markmiði að færa kvarðanir og lög mælifræðilegt eftirlit til faggildra einkaaðila eins og kostur er. Gert er ráð fyrir að um réttindi starfsmanna við flutning verkefnanna til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar fari eftir 2. mgr. 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Frumvarpið hefur jafnframt í för með sér að Neytendastofa starfar enn um sinn í breyttri mynd og mun stofnunin þá nær eingöngu sinna eftirlitsverkefnum á sviði neytendaréttar. Unnið er að hugsanlegri tilfærslu þeirra verkefna til annarrar stofnunar árið 2021 og niðurlagningu Neytendastofu með mögulegum sparnaði fyrir ríkissjóð.

Rammi Neytendastofu skv. fjárlögum 2020 er 288,9 m.kr. þ.a. er framlag úr ríkissjóði 237,4 m.kr. og sértekjur 51,5 m.kr. Ráðgert er að um 130 m.kr. brúttóframlag fylgi verkefnum sem flytjast frá Neytendastofu til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar vegna launakostnaðar, húsaleigu og annars kostnaðar. Þar af er gert ráð fyrir að 51,5 m.kr. tekjurnar flytjist með til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Jafnframt er gert ráð fyrir að 21. m.kr. fylgi verkefnum sem flytjast frá Neytendastofu til Póst- og fjarskiptastofnunar sem verði endurskoðað í lok árs 2021 í samræmi við lög um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti nr. 55/2019.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir fjárhagsáhrifin muni rúmast innan heildarútgjaldaramma ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum og fjármálaáætlun 2021-2025 þar sem fyrst og fremst er um að ræða tilflutning verkefna milli ríkisaðila.

*Um einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1.-5. gr.

Í 1.-5. gr. frumvarpsins er kveðið á um breytingar sem gera þarf á lögum um Neytendastofu nr. 62/2005, með síðari breytingum og lögum um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun nr. 137/2019 til þess að færa forræði á málaflokkum vöruöryggismála, opinberrar markaðsgæslu og mælifræði frá Neytendastofu til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

Um 6.-8. gr.

Í greinunum er kveðið á um breytingar sem gera þarf á lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu nr. 134/1995, með síðari breytingum til þess að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun taki við framkvæmd laganna. Lagt er til í 8. gr. að í stað áfrýjunarnefndar neytendamála sæti ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laganna kærur til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Ekki er minnst á Húsnæðis- og mannvirkjastofnun sérstaklega í ákvæðinu þar sem efni laganna geta einnig varðað fleiri eftirlitsstjórnvöld sem sinna markaðseftirliti.

Um 9.-10. gr.

Í greinunum er kveðið á um breytingar sem gera þarf á vopnalögum nr. 16/1998, með síðari breytingum til þess að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun taki við eftirliti með skoteldum. Lagt er til í 8. gr. að í stað áfrýjunarnefndar neytendamála sæti ákvarðanir Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sem teknar eru á grundvelli laganna kærur til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Um 11.-12. gr.

Í greinunum er kveðið á um breytingar sem gera þarf á lögum um vörur unnar úr eðalmálmum nr. 77/2002, með síðari breytingum til þess að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun taki við eftirliti með vörum unnum úr eðalmálmum. Lagt er til í 12. gr. að í stað áfrýjunarnefndar neytendamála sæti ákvarðanir Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sem teknar eru á grundvelli laganna kærur til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Um 13.-15. gr.

Í greinunum er kveðið á um breytingar sem gera þarf á lögum um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn nr. 91/2006, með síðari breytingum til þess að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun taki við mælifræðiverkefnum Neytendastofu. Lagt er til í 14. og 15. gr. að

í stað áfrýjunarnefndar neytendamála sæti ákvarðanir Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sem teknar eru á grundvelli laganna kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Um 16.-17. gr.

Í greinunum er kveðið á um breytingar sem gera þarf á lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur nr. 87/2018 til þess að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun taki við eftirliti með rafrettum. Lagt er til í 17. gr. að í stað áfrýjunarnefndar neytendamála sæti ákvarðanir Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sem teknar eru á grundvelli laganna kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Um 18. gr.

Í greininni er kveðið á um breytingar sem gera þarf á lögum um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti nr. 55/2019 8 til þess að Póst- og fjarskiptastofnun taki við stjórnsýsluverkefnum skv. lögnum.

Um 19. gr.

Í greininni er kveðið á um að 2., 3. og 4. mgr. 5. gr. laganna falli brott. Ákvæðin fjalla um málskotsheimild til áfrýjunarnefndar neytendamála og málsmeðferð slíkra mála. Ekki er þörf á að kveða sérstaklega á um málskotsheimild í lögnum sjálfum þar sem almenna kærueimild á ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála er að finna í 13. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003.

Um 20. gr.

Í greininni er kveðið á um að í stað orðanna „áfrýjunarnefndar neytendamála“ í 1. og 2. málslíð 3. mgr. 6. gr., 2. mgr. 7. gr. og 4. mgr. 7. gr. komi úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Ákvæðin fjalla um heimildir eftirlitsstofnunarinnar til að leggja á sektir og dagsektir vegna nánar tilgreindra brota gegn lögnum. Ákvæði 13. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003 fjalla ekki sérstaklega um kærueimild sektarákvarðana Póst- og fjarskiptastofnunar og þykir því rétt að taka af tvímæli um að ákvörðunum stofnunarinnar um að leggja á sektir og/eða dagsektir séu kærnanlegar til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála.

Um 21. gr.

Í greininni er kveðið á um að lögin taki gildi þann 1. apríl 2020. Nauðsynlegt er að Neytendastofa og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hafi nægan tíma til að aðlaga starfsemi sína að breyttu hlutverki og verkefnum.



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti  
Skúlagötu 4  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. nóvember 2020  
Tilvísun: 2020110097

**Efni:**

**Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um breytingu á lögum nr. 62/2002 um Neytendastofu.**

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) fékk sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 62/2002 um Neytendastofu. Í greinargerð með frumvarpinu eru raktar fyrirhugaðar breytingar á Neytendastofu og að einhver verkefni stofunnar verði flutt til annarra ríkisstofnanna. Athygli vekur að Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga (HES) er hvergi nefnt þó að mörg lögboðin verkefni HES eru vel til þess fallin að taka yfir sambærileg sem Neytendastofa hefur með að gera í dag og skarast. Á þetta hefur HER bent á í fjölmörgum umsögnum sínum varðandi aðrar lagabreytingar og jafnframt þá stefnu ríkisins að færa verkefni til sveitarfélaga. Meginlöggjöf sem HES framfylgir þ.e. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sem og lög um öryggi matvæla nr. 93/1995 er m.a. ætlað að tryggja neytendaöryggi s.s. með markaðseftirliti með matvælum sem og eftirliti með öryggisþáttum er varða almenning og gæði umhverfis. Fram kemur í greinargerðinni að tilgangur breytinga á lögum nr. 62/2005 sé að leiða til aukinnar hagkvæmni og skilvirkni í eftirliti til hagsbóta fyrir atvinnulíf og neytendur. HER vill í því samhengi benda á hagræði við að flytja verkefni til HES, en nokkur þeirra sem lagt er til að flytja frá Neytendastofu til annarra ríkisstofnanna, væri vert er að skoða hvort væri betur komið hjá HES m.t.t. hagkvæmni og skilvirkni þar sem HES hefur eftirlit með sambærilegum þáttum og oft á tíðum á sömu stöðum.

Hér skal nefnt eftirlit með rafretum sem í dag er hjá Neytendastofu og gæti farið vel með lögboðnu verkefni HES sem er framfylgd tóbakslöggjafar. Staðir sem selja tóbak og rafrettur eru oftast söluturnar ýmis konar og eru því undir eftirliti og á starfsleyfum frá HES, Dæmi um annað lögboðið eftirlit hjá HES er að tryggja öryggi matvæla í smásölu, merkingum matvæla, en HES framfylgir matvælalöggjöf. HES hefur eftirlit með snyrtivöruframleiðendum sbr. efnalöggjöf, hefur eftirlit með sólbaðsstofnum og heilbrigðisstofnunum sbr. hollustuháttalöggjöf, hefur eftirlit með öryggi leikvalla og leikvallatakja sbr. reglugerð um öryggi leikvallatakja og leikvalla og svo eitthvað sé talið. Á þeim stöðum sem HES fer með útgáfu starfsleyfa og eftirlit er ýmis búnaður sem HES getur haft eftirlit með um leið og almennt hollustuhátt-, mengunar og matvælaeftirlit fer fram. Fleiri dæmi má nefna um atriði sem eru hjá öðrum ríkisstofnunum s.s. eftirlit með lömpum í sólbaðsbekkjum, ýmis lækningatæki og -búnaður sem Landlækniseftirlitið hefur eftirlit með og gæti verið hagkvæmt að framkvæma jafnhliða eftirliti HES. Einnig væri vert að skoða skörun í eftirliti HES og Vinnueftirlits til að ná fram hagræði og bæta neytendavernd með flutningi þeirra til HES

Möguleikar hagræðingu við breytingu á lögum nr. 62/2002 eru því fleiri en lagafrumvarpið



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

tekur til og er Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur tilbúið að útskýra nánar hvað um er að ræða sé óskað eftir því. Jafnframt áskilur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur sér rétt til að koma með athugasemdir á seinni stigum.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

*Árný Sigurðardóttir*

Árný Sigurðardóttir  
Frákvæmdastjóri